

Umsögn íbúaráðs Breiðholts dags. 2. nóvember 2022 vegna bréfs starfshóps um greiningu á tækifærum til haftengdrar upplifunar og útivistar fyrir almenning í Reykjavík

Íbúaráðið fagnar beiðni starfshópsins um hugmyndir tengdar haftengdri upplifun og útivist við strandlengjuna. Tillögur íbúaráðsins taka mið af frárennsli út í sjó og sjóumferð. Telur ráðið ekki ráðlagt að bjóða upp á baðstaði við umferð skipa, í nánd við frárennsli eða iðnaðarhverfa nema ef tryggt er að baðstaðurinn sé laus við mengandi efni, frárennsli og að heilbrigðiseftirlit borgarinnar taki mánaðarlega sýni til að tryggja hreinleika sjávar við baðstaði sem muni koma til að rísa í framtíðinni. Ráðið vill líka leggja mikilvæga áherslu á að farið verði í skipulega vinnu við að vernda náttúrlegar fjörur þar sem þær eru að finna þannig að aðgengi komandi kynslóða að þeim sé tryggt til framtíðar. Manngerðir grjótgarðar umlykja strandlengjuna víða í kringum borginna en mikilvægt að halda ósnortinni strönd þar sem því verður komið við.

Íbúaráðið sér fyrir sér, að þar sem íbúabyggð muni rísa við ströndina, taki uppbygging mið af hönnun borgarskipulags með því að hanna samhliða tengingu við sjóinn í gegnum baðmöguleika fyrir íbúa. Ráðið vill kanna möguleika á því hvort hægt sé hugsa fyrir sameiginlegri aðstöðu fyrir íbúa í nærliggjandi byggð í þjónusturými neðstu hæðar, sem næst er sjónum, með aðgengi að fataskiptum, sturtu og gufubaði sem rekin er af sameignlegu húsfélagi lóðahafa þegar deiliskipulag er unnið, einmitt til að auka gæði íbúa sem búa nálægt sjónum og ýta undir sterkari rekstur húsfélaga.

Leggur ráðið fram hugmyndir um baðflotpramma, sem hægt er tengja við bryggjur og byggðina sem nú þegar eru til eins og við Bryggjugarða í Grafarvogi. Baðflotprammar gætu tengst annarri borgarhönnun í þeim hverfum sem munu rísa við strandlengjuna eins og í Vogabyggð, Bryggjuhverfinu og í Gufunesi. Við Bryggjugarða og milli Drómundarvogs og Naustavogs væri hægt að byggja upp aðstöðu til sjóbaða, fargufu og fataskipta, skapa umgjörð við sjóinn þannig að mannlíf og þjónusta gætu þrífist með aðlagandi borgarumgjörð fyrir fólk með tengingu við sjóinn, náttúruna og umhverfið. Í formi torga með plássu fyrir markaði, matarvagna og viðburði, stallandi palla sem hægt er að tilla sér á, sóla sig, borða nesti eða bara njóta útsýnis. Ráðið telur mikilvægt að halda strandlengjunni ósnortinni með göngu- og hjólastígum en þar sem uppbygging er á áætluð og tengja borgarhönnun við sjóinn, sjóböð og aðra þjónustu sem gott borgarmannlíf kallar á og styrkir bæði byggðina og hugmyndina um 15 mínúta hverfið.

Ráðið sér fyrir sér að ný ylströnd gæti risið við Gufunes, sjá mynd 1 en samhliða vekja athygli á stórkostlegu útsýni yfir borgina og sundin blá af Geldinganesi en það gæti verið framtíðar staður fyrir haftengda upplifun á stærri skala en inn á uppbyggingarsvæðunum innan hverfa borgarinnar. Taka þyrfti sérstaklega tillit til legu Sundabrautar og vera sem lengst frá henni. Hægt væri að útbúa Geldinganes til útivistar, heilsueflingar og fræðslu, sem myndi draga að sér þjónustu fyrir fjölbreytta flóru gesta eins hjólaþjófk, sjósport eins og róður, sjóstangveiði að ógleymdu baðlóni sem gæti að hluta til sett neðansjávar sem myndi draga að sér bæði ferðamenn og aðra íbúa með útsýni yfir borgina, Faxaflóa og Esjuna. Ráðið sér fyrir sér að takmarka bílaumferð til að halda ósnortinni náttúru og eingöngu yrði fært fyrir umferð fyrir fólk með skerta hreyfigetu, strætó, bátastrætó, gangandi og hjólandi.

Að lokum vill ráðið minna á Elliðavatn og möguleika sem hægt væri að bjóða upp á tengt uppbyggingu fyrir fargufu, baðflotpramma og róðri sem tengir íbúa austurborgarinnar við vatnstengda upplifun þar sem þeir búa ekki við strandlengjuna en alltaf þannig að náttúran muni njóta vafans. Áhugavert að kanna þennan útivistamöguleika samhliða þeirri vinnu sem starfshópurinn er í því þarna er einstök náttúra og gott útivistasvæði fyrir gangandi og hjólandi. Þarna væri hægt að stækka notendahópinn með góðri aðstöðu einmitt til að bjóða upp á þá lífsgæðaborg sem við öll viljum búa í og njóta.

Mynd 1. Baðtækifæri við Gufunes



Mynd 2. Vogabyggð og Bryggjugarðar



Mynd 3. Við Bryggjugarða í Bryggjuhverfinu



4. Stækkun baðsvæðis við Nauthólsvík



Framtíðarsvæði Haftengdrar upplifunar gæti verið á Geldinganesi!




5. Róður við Geldinganes



6a. Sigt á Elliðavatni



6b. Tækifæri til baðtengdrar upplifunar við Elliðavatn




Hugmyndir af bað og sólarflot prömmum sem tala við umhverfi sitt og borgarrými fyrir fólk við sjóinn

Baðflotaprammi að vetri



Baðflotaprammi að kvöldi til





Rými fyrir fólk allan ársins hring



